



Samgöngu-, skipulags- og umhverfisnefnd

Samgöngumál

Umferðartafir í Reykjavík eru orðnar óbærilegar með tilheyrandi kostnaði, mengun og tímasóun fyrir fólk og fyrirtæki. Endurskoða þarf aðalskipulag Reykjavíkur sem kveður á um að ekki skuli mæta aukinni umferð með aukinni umferðarrým. Forgangsraða þarf samgönguverkefnum þannig að brýnustu og arðbærustu verkefnin njóti forgangs. Endurskoða þarf Samgöngusáttmálann frá grunni. Með þeirri stefnu er dýrmætum tíma einstaklinganna eytt að óþörfu sem gengur gegn grunngildum Sjálfstæðisflokksins. Ráðast þarf í flýtiframkvæmdir í samgöngum strax. Taka þarf upp snjallljósastýringu og ráðast í aðgerðir sem bæta umferðarflæði. Ráðast þarf í átak til að auka öryggi ljósastýrðra gatnamóta og bæta umferðarflæði þeirra. Stefnt skal að því að gera öll stærstu, hættulegustu og umferðarþyngstu gatnamót stofnæða mislæg að fullu á næstu árum.

Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík leggst alfarið gegn Borgarlínu. Stórbæta þarf almenningssamgöngur. Fjölga þarf sérakreinum strætó, auka tíðni ferða, bæta biðskýli og annað sem eykur áhuga fólks á nýta strætó. Skoða þarf sjálfkeyrandi lausnir til að lækka rekstrarkostnað og bæta þjónustu strætó. Strætó verði gjaldfrjálst fyrir yngri en 18 ára.

Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík vill að nýjum stofnæðum höfuðborgarsvæðisins verði komið fyrir neðanjarðar í jarðgöngum í einkaframkvæmd þar sem horft verði til reynslunnar af Hvalfjarðargöngum. Það mun létta umtalsvert á umferð ofanjarðar og auka lífsgæði. Þá næst betri nýting landrýmis, aukin umferðarrým, meira næði og betri loftgæði. Hugmyndum um Miklubrautargöng er fagnað en Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík vill að þeim verði flýtt.

Jarðhræringar á Reykjanesskaga hafa sýnt fram á nauðsyn greiðra samgönguleiða úr borginni. Sjálfstæðisflokkurinn fagnar því að útlit er fyrir að Sundabraut verði nú loks að



veruleika. Hún mun stórbæta samgöngur við Grafarvog og Kjalarnes og auka möguleika á byggðarþróun til norðurs. Við hönnun Sundabrautar þarf að taka tillit til óska íbúa og leitast við að umferð eigi greiða leið inn í stofnbrautakerfið og horfa til jarðgangalausna framtíðar. Vegstæði Sundabrautar þarf að vera hóflegt. Mikilvægt er að þvæla málið ekki frekar heldur ráðast í framkvæmdir strax byggt á þeim kostum sem þegar hafa farið í gegnum umhverfismat.

Nota má veggjöld til að fjármagna nýjar framkvæmdir þar sem vegfarendur geta valið aðra leið en veggjöld eiga ekki að vera skattstofn. Hugmyndum um gjaldhlið þar sem tafagjöld leggist nær eingöngu á íbúa úthverfa er alfarið hafnað. Lausn umferðarvandans felst ekki í umferðarþrengingum eða tafagjöldum. Þess í stað þarf að greiða götuna fyrir gangandi, akandi og hjólandi og nota tæknina til að leysa manngerðar umferðarteppur. Tvöföldun vegarins á Kjalarnesi verði lokið sem fyrst.

Bæta þarf öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda, með merktum gangbrautum, göngubrúum og lýsingu, ekki síst við grunnskóla borgarinnar.

Sjálfstæðisflokkurinn vill að Reykjavíkurflugvöllur verði áfram í Vatnsmýri, ekki síst nú þegar jarðhræringar á Reykjanesi hafa sýnt fram á að flugvallarstæði í Hvassahrauni er ekki raunhæfur valkostur. Ekki má þrengja frekar að flugvellinum með byggingum á og við flugvallarsvæðið. Sjálfstæðisflokkurinn hvetur til þess að byggð verði samgöngumiðstöð í einkaframkvæmd. Auk þess að þjóna almenningssamgöngum fái einkaaðilar sem bjóða uppá skoðunarferðir þar aðstöðu.

Skipulagsmál

Eign á að vera á færi allra. Séreignastefnan er ein af grunnundirstöðum sjálfstæðisstefnunnar. Sjálfstæðisflokkurinn vill auðvelda ungu fólki og efnalitlu að eignast húsnæði. Stefna borgarinnar hefur sett húsnæðismarkaðinn í uppnám og gert ungu fólki erfitt fyrir að stofna til heimilis. Þetta þarf að gera meðal annars með því að lækka gjöld eða aflétta þeim og stuðla



að nægu lóðaframboði og ná þannig kostnaðarverði. Sjálfstæðisflokkurinn vill auðvelda fólki í félagslegu húsnæði að eignast heimili sitt.

Sporna þarf við flóttu fólks og fyrirtækja úr borginni með því að tryggja nægt framboð íbúða- og atvinnulóða. Leggja þarf áherslu á uppbyggingu nýrra byggingarsvæða samfara hóflegri þéttingu byggðar í samræmi við þá byggð sem fyrir er og að hún sé framkvæmd þannig að sem minnst röskun verði á lífsgæðum íbúa sem fyrir eru. Öll íbúðarhverfi, ný sem gömul, verði skipulögð út frá velferð íbúanna og sjónarmiðum um umhverfissálfræði. Auka þarf framboð á sérbyli og fjölbreyttu búsetuformi. Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík vill að staðið verði við skipulag háskólasvæðisins og það byggt upp í þágu menntunar og menningar. Fallið verði frá gjafagjörningum Reykjavíkurborgar í formi úthlutunar lóða svo sem á bensínstöðvareitum.

Íþyngjandi kröfur borgarinnar við lóðaúthlutun hafa valdið auknum byggingarkostnaði og í sumum tilfellum stendur nýtt húsnæði autt vegna skilyrða sem auka kostnað húsbyggjenda og kaupenda. Þröngir byggingarskilmálar fara oft ekki saman við eftirspurn eftir húsnæði. Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík vill falla frá kvöð um verslunarrými í nýjum íbúðarhúsum.

Rýmka þarf reglur um bílastæði og taka út ákvæði aðalskipulags um hámarksfjölda bílastæða. Byggja ætti ný bílastæði neðanjarðar án þess að kvaðir séu um fækkun bílastæða á yfirborði á móti. Fallið verði frá tuttuguföldun gatnagerðargjalda á bílastæðakjallara og gluggalaus kjallararými.

Mikilvægt er að hugað sé að staðarvali fyrir öflugra heilbrigðisþjónustu og tæknifyrirtæki. Tryggja þarf atvinnu og þjónustu, einkum í austurhluta Reykjavíkur. Mjóddin og Keldnaland bjóða upp á mikil tækifæri fyrir fyrirtæki sem í dag fá ekki aðstöðu í Reykjavík. Með byggingu Sundabrautar opnast möguleikar til uppbyggingar á Kjalarnesi og Geldingarnesi. Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík vill að skipulagðir verði að lífsgæðakjarnar fyrir eldri borgara.

Einfalda þarf málsmeðferð og leyfisveitingakerfi borgarinnar.



Umhverfismál og grænar áherslur

Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík telur mikilvægt að standa vörð um græn og opin svæði í borginni. Skipulag þarf að taka mið af því að innan hvers hverfishluta séu næg svæði fyrir börn að leik. Stefnt skal að friðlýsingu Elliðaárdals og náttúrulegrar strandlengju. Vernda þarf Laugardalinn fyrir byggingum utan þegar skipulagðra íþróttasvæða.

Mikilvægt er að hlúa að útivistarsvæðum í og við borgina.

Sjálfstæðisflokkurinn vill að Reykjavík verði aftur hrein og snyrtileg borg, gróður sé hirtur og borgarlandið íbúum til sóma. Áhersla verði lögð á gróðursetningu litríkra plantna til að auka gleði og vellíðan íbúa. Gera þarf átak í hreinsun gatna ekki síst á vorin þegar hætta er á að skítugar götur verði uppspretta að svífryki.

Skipulag ætti að skoða út frá hugmyndafræði umhverfissálfræði, sérstaklega þar sem gert er ráð fyrir miklum byggðarþéttleika.

Sjálfstæðisflokkurinn fagnar rafvæðingu hafna Faxaflóahafna þar sem fyrstu skrefin hafa verið tekin svo hægt sé að hlaða rafknúin skip. Þessari þróun ber að flýta.

Reykjavík á að taka forystu í sorphirðu, ábyrgri sorpförgun og endurvinnslu. Lagt er til að sorphirða í Reykjavík verði boðin út eins og gert er í mörgum nágrannasveitafélögum.

Samþykkt á Reykjavíkurbíngi, 22. nóvember 2025